



Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Tillaga fjölmeningarráðs um heildstætt átak gegn fordómum og hatursorðræðu

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 14. nóvember s.l. var lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 8. nóvember 2019, með útfærslu á tillögu fjölmeningarráðs um heildstætt átak gegn fordómum og hatursorðræðu sbr. 2. lið fundargerðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs s.d., ásamt fylgiskjölum. Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð samþykkti erindið.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Mannréttinda- nýsköpunar og lýðræðisráð þakkar Barböru Jean Kristvinsson fyrir góða kynningu og fagnar því að Reykjavíkurborg í samstarfi við Intercultural Cities fari í sameiginlegt átak gegn fordómum og hatursorðræðu í garð fólks af erlendum uppruna í borginni okkar. Reykjavíkurborg er stærsti vinnustaður landsins og með því að fara í þetta átak og efla faglega þekkingu og bæta viðhorf starfsmanna hennar þá er það okkar ósk að skapa borg þar sem allir fá að lifa með reisu í sátt og samlyndi. Hér er samþykkt að halda vinnustofu og vinna út frá henni aðgerðaráætlun um átak gegn fordómum og hatursorðræðu. Vinnustofan yrði þannig byrjun á vegferð sem ætlað er að ná til allra starfsmanna. Óskað er eftir að fá kynningu á áætluninni þegar hún liggur fyrir.

Virðingarfyllt

Elísabet Pétursdóttir

Afrit:
Svið þjónustu - og reksturs
Svið mannauðs- og starfsumhverfis
Forsætisnefnd
Hjálagt:
Bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu



Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Tillaga fjölmeningarráðs um heildstætt átak gegn fordómum og hatursorðræðu

Á sameiginlegum fundi borgarstjórnar og fjölmeningarráðs þann 30. apríl 2019, var svohljóðandi tillögu fjölmeningarráðs vísað til meðferðar mannréttinda- og lýðræðisráðs:

Lagt er til að Reykjavíkurborg fari í heildstætt átak gegn fordómum og hatursorðræðu í garð innflytjenda í þeim tilgangi að stuðla að þróun samfélags þar sem allir samfélagsþegnar fái að lifa með reisn, í sátt og samlyndi. Átakið gæti snúið fyrst að vinnustöðum Reykjavíkurborgar og svo að samfélaginu í heild sinni með það að markmiði að auka vitund um fjölbreytni samfélagsins, hvetja til jákvæðara orðfæris og raungera hin auknu gæði og tækifæri sem fjölbreytileiki felur í sér. Ekki síst er mikilvægt að efla faglega þekkingu starfsfólks Reykjavíkurborgar á menningarnæmi og -færni.

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs þann 13. júní s.l. var mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu í samvinnu við svið þjónustu- og nýsköpunar og svið mannauðs- og starfsumhverfis, falið að vinna að nánari útfærslu tillögunnar með kostnaðargreiningu sem væri lögð fyrir ráðið haustið 2019.

Tillögu um heildstætt átak gegn fordómum og hatursorðræðu í samvinnu við Intercultural Cities, er hér með send mannréttinda-, nýsköpunar - og lýðræðisráði til afgreiðslu:

Lagt er til að árið 2020 verði farið í átak gegn fordómum á vinnustöðum Reykjavíkurborgar í samvinnu við Intercultural Cities (ICC) sem Reykjavíkurborg er aðili að. Sem fyrirmynd verði notað verkefnið *Anti-rumour strategy*. Fengin verði sérfræðingur á vegum Intercultural Cities til að halda námskeið fyrir stjórnendur og starfsfólk, ásamt samhliða vinnu við áætlun um átak gegn fordómum. Heildarkostnaður er innan ramma. Sjá nánari útfærslu í hjálögðu minnisblaði um tillöguna.

Virðingarfyllt

Elísabet Pétursdóttir

Hjálagt:

Minnisblað um tillögu fjölmeningarráðs um heildstætt átak gegn fordómum og hatursorðræðu

Reykjavík, 4. nóvember 2019

R19050087

Höfundur: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Efni: Minnisblað um tillögu fjölmeningarráðs um heildstætt átak gegn fordómum og hatursorðræðu

Á sameiginlegum fundi borgarstjórnar og fjölmeningarráðs þann 30. apríl 2019 var svohljóðandi tillögu fjölmeningarráðs vísað til meðferðar mannréttinda- og lýðræðisráðs:

Lagt er til að Reykjavíkurborg fari í heildstætt átak gegn fordómum og hatursorðræðu í garð innflytjenda í þeim tilgangi að stuðla að þróun samfélags þar sem allir samfélagsþegnar fái að lifa með reisn, í sátt og samlyndi. Átakið gæti snúið fyrst að vinnustöðum Reykjavíkurborgar og svo að samfélaginu í heild sinni með það að markmiði að auka vitund um fjölbreytni samfélagsins, hvetja til jákvæðara orðfæris og raungera hin auknu gæði og tækifæri sem fjölbreytileiki felur í sér. Ekki síst er mikilvægt að efla faglega þekkingu starfsfólks Reykjavíkurborgar á menningarnæmi og -færni.

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs þann 13. júní s.l. var mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu í samvinnu við svið þjónustu- og nýsköpunar og svið mannauðs- og starfsumhverfis, falið að vinna að nánari útfærslu tillögunnar með kostnaðargreiningu sem væri lögð fyrir ráðið haustið 2019.

Nánari útfærsla og kostnaðargreining

1. Tillaga um heildstætt átak gegn fordómum og hatursorðræðu á vinnustöðum Reykjavíkurborgar í samvinnu við Intercultural Cities.

Lagt er til að árið 2020 verði farið í átak gegn fordómum á vinnustöðum Reykjavíkurborgar í samvinnu við Intercultural Cities (ICC) sem Reykjavíkurborg er aðili að. Sem fyrirmynd verði notað verkefnið *Anti-rumour strategy*.

Sjá kynningu á verkefninu <https://www.coe.int/en/web/interculturalcities/anti-rumours> Bók og leiðbeiningar um verkefnið <https://rm.coe.int/anti-rumours-handbook-a-standardised-methodology-for-cities-2018-/168077351c>



Lagt er til að fengin verði sérfræðingur á vegum Intercultural Cities til að halda námskeið fyrir stjórnendur og starfsfólk ásamt vinnu við áætlun um átak gegn fordómum.

Sérfræðingurinn og höfundur stefnumótunar, Daniel de Torres Barderi myndi halda tveggja daga smiðju fyrir stjórnendur og starfsfólk Reykjavíkurborgar og vinna í samhliða áætlun um átak gegn fordómum.

Kostnaður: Óskað verði eftir aðkomu ICC að verkefninu enn annar kostnaður er innan fjárheimilda mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.